


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistrufnunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Kennslubók	Dogi D. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Íðnú. Fyrstu sjö kaflar bókarinnar verða teknir. Stuðningsefni : Glætur frá kennara og ýmsar greinar.
Ljósrit	Heimaverkefni og tímaverkefni.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni
34 -36	Námsefni : 1. kafli í kennslubók.
37 - 39	Námsefni : 2. kafli í kennslubók.
40 - 42	Námsefni : 3. kafli í kennslubók.
43 - 45	Námsefni : 4. kafli í kennslubók en sleppa bls. 84 og 88.
46 - 47	Námsefni : 5. og 6. kafli í kennslubók.
48 - 49	Námsefni : 7. kafli í kennslubók. Upprifjun undirbúningur fyrir próf

Matsform:	<input type="checkbox"/> Simat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Lokapróf í desember.	50%	
Tímapróf	Tvö próf á önninni.	20%	
Ritgerð	Stutt heimildarritgerð úr völdu efni.	10%	
Tímaverkefni	Verkefni unnin í kennslustundum.	5%	
Verkefni	2-3 heimaverkefni	10%	
Kynning	Nemendur halda kynningu fyrir samnemendur sína.	5%	
		Samtals:	100%
<p>Annað: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag. Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækunar. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum, gerið hann það og nær 8 eða hærra í meðaleinkunn má nemandi sleppa lokaprófi. Mun þá vægi hinna námsmatsþátta tvöfaldast.</p>			

Dagsetning: 21 ágúst 2019

Inga B. Ólafsd
Undirritun kennara

Mania T.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils